

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 19/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ráð Evrópusambandsins hefur samþykkt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997⁽²⁾ um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995⁽³⁾ um aðstoð til skipasmíða þar sem felldar eru inn skuldbindingar þess samkvæmt OECD-samningnum varðandi eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíðaiðnaðinum og skipaviðgerðum.

Fella ber úr gildi aðlögunarlið t) við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn vegna upptöku í EES-samninginn á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1904/96⁽⁴⁾, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða skal tekin upp í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 4. 6. 1998, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 4. 6. 1998, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 5.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95) í XV. viðauka við samninginn:

„- **397 R 2600**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 (Stjtið. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18).“

2. gr.

Aðlögunarliður t) við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EEB) í XV. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

